MENNINGARSTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
2014–2020

Menning er mannréttindi

„Þar sem menning er ein helsta driffjöður þróunar verður að telja menningarlega þætti þróunar jafngilda hinum efnahagslegu sem einstaklingar og þjóðir hafi grundvallarrétt til að taka þátt í og njóta.“

Úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014–2020

Útgefandi: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar 2014
Ábyrgðarmaður: Svanhildur Konráðsdóttir
Ritstjórn: Signý Pálsdóttir og Sólrún Sumarliðadóttir

MENNING ER MANNRÉTTINDI

EFNISYFIRLIT

Leiðarljós 7

1.KAFLI Auðlind 9
2.KAFLI Börn og menningaruppeldi 11
3.KAFLI Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar 13
4.KAFLI Listir 15
5.KAFLI Aðgengi og þátttaka 17
6.KAFLI Umhverfi og saga 19
7.KAFLI Alþjóðleg menningarborg 21
8.KAFLI Menning í stafrænum miðlum 23
9.KAFLI Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar 25

Mótun menningarstefnu Reykjavíkurborgar 26

LEIÐARLJÓS:

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki.

Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma.

Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.

„Menningarleg auðlind borgarinnar er fólgin í íbúum hennar, einkum þeim sem skapa og víkka vitund borgarbúa fyrir hinum ýmsu menningarþáttum.“

Skilgreiningar ReykjavíkurAkademíunnar á hugtökunum; Menning, sérstaða, auðlind, rými.

1. KAFLI

AUÐLIND

MARKMIÐ

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og ræktar menningarlega sjálfsmynd sína.

Menning hefur gildi í sjálfri sér og því er skapað svigrúm í borginni fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt á sviði menningar og lista.

Skapandi greinar eru hluti af grunnþáttum efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.

Í menningu og listum í borginni er fólginn vaxtarbroddur og auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Öflugt menningarlíf eykur lífsgæði borgarbúa og stuðlar að samfélagslegri og efnahagslegri velferð.

Menningarlífið í Reykjavík er sprottið af frumkvæði og sköpunarkrafti íbúa og gesta borgarinnar. Það er drifið áfram af fjölda einstaklinga, samtaka og stofnana af ýmsu tagi sem þar leggja hönd á plóg. Menningarlíf höfuðborgarinnar er fjölskrúðugt og það er lykilatriði að hlúa að fjölbreytileikanum, því hann er kjarninn í menningarlegri sjálfsmynd borgarinnar.

Reykjavík gegnir forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og þar er menntun, reynsla og þekking í listum og öðrum skapandi greinum metin að verðleikum. Því er mikilvægt að Reykjavík skapi sér sérstöðu sem kraftmikil og skapandi borg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa. Þannig eflir Reykjavík ímynd sína jafnt inn á við og út á við um leið og grundvöllur efnahagslífsins er treystur, eins og fram kemur í atvinnustefnu Reykjavíkurborgar.

Leggja ber áherslu á beint og óbeint framlag menningar, lista og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins og sem atvinnuskapandi afls. Sömuleiðis er mikilvægt að Reykjavíkurborg vinni með ríki, sveitarfélögum og öðrum aðilum að menningarmálum og stuðli þannig að gróskumiklu og fjölbreyttu menningarlífi í landinu öllu.

„Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.“

„Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.“

31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

2. KAFLI

BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

MARKMIÐ

Menning og listir eru snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni.

Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eiga góða samvinnu um listuppeldi við listamenn, söfn og menningarmiðstöðvar í borginni.

Áhersla er lögð á þátttöku barna, ungmenna og fjölskyldna í menningarlífinu og framlag þeirra til menningar metið að verðleikum.

Nútímasamfélag kallar á sveigjanleika og opið hugarfar til að takast á við síbreytilegar aðstæður. Öflugt og markvisst menningar- og listuppeldi er mikilvægt fyrir þróun samfélags skapandi einstaklinga. Læsi í víðum skilningi ber að rækta meðal barna og ungmenna. Lesskilningur, umhverfis- og menningarlæsi greiða fyrir virkri menningarþátttöku barna, styrkja meðvitund um menningararfinn og ýta undir skapandi og gagnrýna hugsun.

Samvinna milli menningarstofnana og skóla borgarinnar er mikilsverð leið til að styrkja einstaklinginn til virkrar menningarþátttöku á öllum æviskeiðum. Það sama má segja um almenna kennslu á sviði menningar og lista í skólakerfinu, sem og listmenntun barna í fagskólum þar sem sérmenntaðir kennarar og starfandi listamenn miðla af þekkingu sinni og reynslu. Listmenntun barna hjálpar þeim að nýta og þróa hæfileika sína á hvaða vettvangi sem er.

Í starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og skipulagi hátíða á vegum menningar- og ferðamálasviðs og samstarfsaðila þess er lögð áhersla á samveru fjölskyldunnar, þátttöku barna og unglinga og séð til þess að dagskrá menningarstofnana sé eftirsóknarverður valkostur fjölskyldna. Mikilvægt er að vera sífellt vakandi fyrir nýjum leiðum til að ná til barna, unglinga og fjölskyldna þeirra í samstarfi við önnur svið borgarinnar, og tryggja gott aðgengi menningar og lista, óháð félagslegri stöðu og efnahag.

„Formlegar mennta- og menningarstofnanir eru farvegir menningarinnar í borginni og það er sameiginlegt viðfangsefni þeirra og borgarbúa allra að halda menningararfleifðinni í stöðugri úrvinnslu og umferð og hlúa að sköpunarkraftinum hjá upprennandi kynslóðum.“

Skilgreiningar ReykjavíkurAkademíunnar á hugtökunum menning, sérstaða, auðlind, rými. 2009.

„Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum. Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu.“

Úr Yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn

„Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna – til skoðunar, menntunarauka eða ánægju – það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.“

Úr siðareglum ICOM alþjóðlegs ráðs safna og fagfólks safna. ICOM

3. KAFLI

MENNINGARSTOFNANIR REYKJAVÍKURBORGAR

MARKMIÐ

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar gegna fjölþættu hlutverki sínu á metnaðarfullan hátt og eru mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa jafnt sem gesta borgarinnar.

Stofnanir á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur eru hluti af daglegu lífi borgarbúa og gesta borgarinnar. Menningarupplifunin er því ekki einangraður atburður, heldur heildarupplifun; félagsskapurinn, ferðin, fræðslan, samræður á eftir, það að upplifa eitthvað sem örvar ímyndunaraflið og leiðir fólk út fyrir mörk hversdagsleikans.

Mikilvægt er að leitast sífellt við að breikka þann hóp sem sækir menningarstofnanir og þannig sporna við menningarlegri aðgreiningu. En einnig ber menningarstofnunum borgarinnar að styðja við frumsköpun á sviði menningar og lista.

Við endurskoðun menningarstefnunnar voru skilgreindar menningarstofnanir borgarinnar Borgarbókasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, og sameinað safn Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Minjasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur[1]. Þessar stofnanir menningar- og ferðamálasviðs, auk Höfuðborgarstofu, mynda sterka heild með nánu samstarfi sín á milli og gegna margþættu hlutverki, hver á sínu sviði. Söfnin eru bundin af lögum, reglugerðum, samþykktum og siðareglum og hafa skilgreiningar ICOM (Alþjóðaráðs safna) og yfirlýsingu UNESCO (Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna) um almenningsbókasöfn að leiðarljósi. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar og á hún í margvíslegu samstarfi innanlands og utan.

Menningarstofnanir borgarinnar vinna fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum þjónustu, miðlunar, rannsókna, söfnunar og varðveislu.

1 Þann 1. júní 2014 varð til nýtt sameinað safn, Borgarsögusafn Reykjavíkur, en undir það heyra söfnin og sýningarnar:Árbæjarsafn, Landnámssýningin 871 ±2, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey.

„Því það er viss passi þegar litið er til baka þá blasa listirnar við í öllu sínu veldi, heilu tímabilin virðast borin uppi af listamönnum og listaverkum, dægurþras og rígur hafa vikið fyrir þeirri vissu að þegar tíminn er liðinn standa listirnar eftir sem vitnisburður um það hver við vorum.“

Pétur Gunnarsson f. 1947 - BÍL (Bandalag íslenskra listamanna) 80 ára

„Þróttmikið menningar- og listalíf er nútímasamfélögum nauðsyn. [...] Listir og menning eru krefjandi og þroska okkur sem einstaklinga og samfélag, og stuðla þannig að sjálfbæru samfélagi.“

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013-2020

4. KAFLI

LISTIR

MARKMIÐ

Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hefur tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum.

Skapaðar eru ákjósanlegar aðstæður til listsköpunar.

Til þess að listin geti þjónað samfélagshlutverki sínu, m.a. sem uppspretta nýrra og frumlegra hugmynda, þarf hún frelsi til að þróast á eigin forsendum. Listin veitir ánægju, jafnframt því að trufla, koma á óvart og benda á það sem við hefðum annars ekki komið auga á, eða viljum jafnvel ekki koma auga á.

Mikilvægt er að styrkveitingar borgarinnar til listalífsins taki mið af því að mörkin milli listforma og ólíkra menningarheima eru í sífelldri endurskoðun. Auk þess að styðja við gróin verkefni sem hafa fundið sinn farveg, þarf borgin að hlúa að grasrótar- og tilraunastarfsemi, sem oft er vísirinn að því sem koma skal.

Fyrir menningarstarfsemi sem rekin er á ársgrundvelli skiptir langtímastuðningur sköpum, en gæta þarf að vissri endurnýjun og faglegu mati við gerð samstarfssamninga til lengri tíma.

Reykjavíkurborg styður nú með fjárframlagi og aðstöðu ýmsar listastofnanir í borginni, svo sem Leikfélag Reykjavíkur sem rekur Borgarleikhúsið með framlagi úr Borgarsjóði, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hörpu, Listahátíð í Reykjavík, Sjónlistamiðstöðina á Korpúlfsstöðum, Bíó Paradís og Tjarnarbíó, og veitir auk þess fjölmarga styrki gegnum Borgarhátíðasjóð og aðra auglýsta menningarstyrki.

Eitt af undirstöðuatriðum bæði listsköpunar og sýningaraðstöðu er viðeigandi rými, en margvísleg menningarstarfsemi nýtur niðurgreiddrar innri leigu fyrir starfsemi sína.

Stuðningur Reykjavíkurborgar á sviði aðstöðumála er í stöðugri þróun, í takt við þarfir listalífsins sem eru síbreytilegar.

„Jafn aðgangur að ríkulegum og fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum [...] og leiðum til að miðla þeim eru mikilvægir liðir í að styrkja menningarlega fjölbreytni og ýta undir gagnkvæman skilning.“

Samningur UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform (2005)

„Menningarsviðið býður upp á sameiginlegan vettvang og grundvöll samstarfs, samráðs og skoðanaskipta. Virkt og öflugt menningarlíf sem birtist í fjölbreyttum menningarformum er mikilvægur þáttur í samfélagi þar sem allir eru með.“

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013-2020

5. KAFLI

AÐGENGI OG ÞÁTTTAKA

MARKMIÐ

Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu.

Menningarlífið hvetur til almennrar þátttöku og stuðlar að betra mannlífi.

Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi sínu eins og kveðið er á um í mannréttindastefnu hennar. Mikilvægt er að fjölbreytni menningarlífsins sé viðurkennd og studd með tjáningarfrelsi að leiðarljósi. Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum. Einnig er mikilvægt að menningarstarfsemi á vegum Reykjavíkurborgar hvetji til virkrar þátttöku.

Menning, listir og saga geta ýtt undir samkennd og jákvæða forvitni um líf og menningu annarra. Áríðandi er að hafa augun opin fyrir tækifærum af þessum toga og nýta þau í þágu samfélags sem byggir á gagnkvæmum skilningi, virðingu og jafnrétti. Eitt af lykilatriðum í þessu sambandi er samvinna, þ.e. að fólk sem tilheyrir ólíkum menningar- og reynsluheimum fái hvatningu til að koma saman, miðla af reynslu sinni og veita innsýn í líf hvers annars. Nauðsynlegt er að aðstandendur menningarstarfsemi á vegum borgarinnar séu vakandi fyrir fjölbreytileika íbúanna og að menningarstarfsemin taki tillit til og fagni margbreytileikanum.

„Hið menningarlega rými er borgarlandið allt. Því ber að vanda alla mannvirkjagerð á svæðinu og samræma náttúru og mannvirki eins og unnt er.“

Skilgreiningar ReykjavíkurAkademíunnar á hugtökunum menning, sérstaða, auðlind, rými. 2009.

„Mannvirki eru lifandi arfleifð sem stöðugt þarf að skoða og meta með tilliti til fortíðar og framtíðar. Hið manngerða umhverfi er mótandi rammi um mannlegt líf og athafnir. Byggingar og önnur mannvirki eru mikilvægur hluti þeirrar menningar sem þær spretta úr þar sem þær endurspegla lífshætti og tæknikunnáttu með varanlegum hætti.“

Menningarstefna í mannvirkjagerð -Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist

„Hönnun og skipulagning byggðar feli í sér skilning á samhengi fortíðar og nútíðar þar sem varðveisla á byggingar- og skipulagsarfi fortíðarinnar og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.“

Aðalskipulag Reykjavíkurborgar (2010-2030)

6. KAFLI

UMHVERFI OG SAGA

MARKMIÐ

Menning, listir og saga eru grunnþættir í þróun borgarinnar og skapandi hugsun endurspeglast í umhverfinu.

Hlúð er að sögu borgarinnar og menningarverðmætum með mannvænt umhverfi að leiðarljósi.

Í Reykjavík eru menning, listir og saga lykilatriði fyrir þróun lifandi borgarmyndar og mannvæn búsetuskilyrði. Meðvitund um sögu borgarinnar og nánasta umhverfi getur dýpkað skilning íbúanna á hvaðan er komið og hvert skal stefnt. Slíkur skilningur getur skapað aukna tengingu og áhuga íbúa á umhverfi sínu. Reykjavíkurborg telur það skyldu sína að vinna að verndun og varðveislu menningararfleifðar og miðlunar hennar til íbúa og gesta.

Mikilvægt er að ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspegli skapandi hugsun íbúa hennar og að mannlíf og mannvænt umhverfi sé haft í fyrirrúmi. Líta þarf á aðkomu listamanna að mótun opinberra bygginga og almannarýmis sem órjúfanlegan hluta af heildinni. Listaverk glæða opinber svæði lífi, veita þeim sérstöðu og bæta staðaranda, hvort sem um er að ræða stök verk eða verk sem mynda hluta af stærra samhengi, s.s. samgönguverkefnum, vegaframkvæmdum og við hönnun opinna svæða.

Nýta þarf möguleika opinna svæða borgarinnar og náttúruna í nærumhverfi hennar sem hvetja til samveru fólks og efla félagsleg tengsl. Samgöngumál leika einnig stórt hlutverk í öflugu menningarlífi borga, ekki síst til að auðvelda aðgengi íbúa mismunandi hverfa borgarinnar að fjölbreyttu menningarframboði. Öll hverfi hafa sérstöðu gagnvart aðstöðu og möguleikum til menningariðkunar, útivistar og tómstunda og er stöðugt unnið að því að styrkja menningarstarf og aðstöðu innan þeirra. Borgarbúar njóta góðs af því að dregnir eru fram möguleikar og kostir einstakra hverfa.

„Menningarlífið á Íslandi nærist á erlendum straumum en leggur um leið til þeirra. Slíkt samspil er nauðsynlegt fyrir framþróun lista og menningarstarfs. [...] Menningarlífið mótar upplifun margra af landinu og vel unnin menningarverkefni á alþjóðlegum vettvangi styrkja orðspor Íslands.“

Úr menningarstefnu ríkisins

7. KAFLI

ALÞJÓÐLEG MENNINGARBORG

MARKMIÐ

Menningarlífið í Reykjavík einkennist af litríkum borgarbrag, sem byggir á samblandi af menningarlegri sérstöðu og stefnumótum við alþjóðlega strauma.

Reykjavík býr yfir einstökum tækifærum til að vaxa og þróast. Borgin er ung, kraftmikil og fjölbreytt; hún hefur eftirsóknarverða staðsetningu með nánd sinni við náttúruna og menningarlega sérstöðu sem vert er að halda á lofti, ekki síst þegar reykvísk menning er orðin órjúfanlegur hluti af þeirri heild sem alþjóðlegt menningarlíf er.

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Árangur þess er sýnilegur í gegnum nýjungar í starfi, alþjóðleg samstarfsverkefni, sýningar, ráðstefnur og viðburði, ýmist hér á landi eða erlendis. Hátíðahald í menningar- og listalífinu veitir stöðugt ný tækifæri til alþjóðlegrar samvinnu, auk þess að laða að erlenda gesti. Þátttaka alþjóðlegra listamanna í menningarlífinu er jafnframt mikil lyftistöng fyrir listalífið í borginni.

Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu hennar með samstarfsaðilum innanlands og utan. Menningarborgin er ein af þeim fjórum styrku stoðum, ásamt ráðstefnu-, heilsu- og vetrarborginni, sem ferðamálastefna borgarinnar byggir á.

Reykjavík er áhugaverð menningarborg á alþjóðavettvangi og í henni þrífst margbreytileg og lifandi menning.

„Stafræn tækni felur í sér mikil tækifæri [...] í sífellt hnattvæddari heimi. Í henni felast tækifæri til sameiginlegra upplifana sem tengjast menningu og tungumálum [...]. Stafræn miðlun er mikilvægur þáttur í því að gera aðgengi að menningu lýðræðislegra.“

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013-2020

8. KAFLI

MENNING Í STAFRÆNUM MIÐLUM

MARKMIÐ

Reykjavíkurborg nýtir upplýsingatækni á markvissan hátt í stafrænni varðveislu og miðlun menningar.

Stuðlað er að aðgengi, gagnvirkni og öflugri dreifingu menningar með hjálp stafrænna miðla.

Upplýsingatæknin er í sífelldri þróun og kappkostar Reykjavíkurborg að aðlagast nýrri tækni og fullnýta möguleika nýrra miðla í menningarstarfi sínu. Þá eru stafrænir miðlar í sjálfum sér orðnir grundvöllur, viðfangsefni og efniviður margvíslegrar listsköpunar.

Gott aðgengi að menningu í stafrænum miðlum greiðir fyrir þátttöku almennings í menningarlífi og opnar menningarstarfsemi borgarinnar út á við.

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar nýta stafræna tækni m.a. til að auka þjónustu sína með bættu aðgengi, skilvirkri miðlun menningar og upplýsinga og möguleikum á að ná til hópa sem áður hafa ekki nýtt sér starfsemi þeirra.

Við nýtingu stafrænnar tækni í þjónustu við íbúa og gesti borgarinnar er horft til þarfa ólíkra hópa og þær uppfylltar eftir fremsta megni, hvort sem um ræðir beina þátttöku í menningarlífinu eða miðlun upplýsinga.

MANNRÆKT

„Við sköpum jarðveg þar sem menning og listir blómstra og eru mikilvægur hluti af lífi íbúa og gesta borgarinnar. Við hlúum að góðum samskiptum meðal starfsmanna, leggjum áherslu á samvinnu, virðingu og heiðarleg skoðanaskipti.“

ORKA

„Við sýnum frumkvæði og höfum kjark til að taka forystu. Við erum leiðandi í að virkja þá orku sem felst í þróttmiklu mannlífi og fjörugum sköpunarkrafti í borginni ásamt nánd Reykjavíkur við ósnortna náttúru.“

FAGMENNSKA

„Starf okkar einkennist af fagmennsku, alúð og metnaði. Við vinnum í samræmi við stefnumótun og berum ríka virðingu fyrir sögu og menningarverðmætum í öllu umhverfi okkar.“

Gildi menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar

9. KAFLI

ÞÁTTUR MENNINGAR Í STJÓRNKERFI REYKJAVÍKURBORGAR

MARKMIÐ

Skipulag menningarmála er skýrt og stjórnun þeirra markviss því vægi menningar í starfsemi Reykjavíkurborgar er ótvírætt.

Aukin áhersla er lögð á samstarf borgarinnar í menningarmálum innan fagsviða hennar, við ríki og aðra sem láta menningarmál sig varða.

Menning og listir eru í eðli sínu kvik fyrirbæri og mikilvægt er að skipulag og stjórnsýsla menningarmála taki tillit til þess. Menningarstefna tekur mið af fjölmörgum þáttum, svo sem annarri stefnumörkun í borginni, á vegum ríkisins og á alþjóðlegum vettvangi.

Menningar- og ferðamálaráð starfar í umboði borgarráðs og mótar stefnu í menningar-, ferða- og markaðsmálum. Það fer með hlutverk stjórnar safna Reykjavíkurborgar, en stjórn þeirra er að öðru leyti í höndum safnstjóra.

Menningar- og ferðamálasvið er hluti af heild og menning er þáttur í starfsemi allra sviða borgarinnar. Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi menningarstofnana og Höfuðborgarstofu, annast samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið.

Skilvirk stjórnsýsla og meðferð fjármuna í þjónustu borgaranna er í hávegum höfð. Við framkvæmd menningarmála er hugað að lögum, reglugerðum, stefnumörkun og samþykktum. Einnig er lögð áhersla á að stofnanir sviðsins og þeir sem njóta stuðnings þess hafi vönduð vinnubrögð í heiðri og bjóði upp á vandaða þjónustu og starfsemi. Verklagsreglur fyrir sviðið eru sniðnar á þessum grundvelli og með þarfir fjölbreytilegs menningarlífs í huga.

MÓTUN MENNINGARSTEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Fyrsta menningarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði 11. desember árið 2001. Fjöldi manns kom að mótun hennar; listamenn, fræðimenn, stjórnmálamenn, embættismenn og margvíslegir samstarfsaðilar, auk þess sem leitað var fyrirmynda hjá erlendum borgum. Nokkrar breytingar á stefnunni voru samþykktar í borgarráði 11. febrúar 2003. Endurskoðun menningarstefnunnar hófst árið 2007 og var aftur lagt í samráð og mikla undirbúningsvinnu. Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012 var í framhaldinu samþykkt í borgarstjórn 16. júní 2009 undir yfirskriftinni „Menning er mannrækt".

Vinna við aðra endurskoðun stefnunnar hófst árið 2012. Sá stýrihópur sem fylgdi lokaútgáfunni til enda var skipaður Einari Erni Benediktssyni, formanni menningar- og ferðamálaráðs, Ósk Vilhjálmsdóttur, Davíð Stefánssyni, Svanhildi Konráðsdóttur sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs og Signýju Pálsdóttur skrifstofustjóra menningarmála. Verkefnastjórn við lokaútgáfu var í höndum Sólrúnar Sumarliðadóttur sérfræðings og Signýjar Pálsdóttur.

Helsta breyting frá fyrri menningarstefnu er tenging markmiða við aðgerðir í menningarmálum á vegum borgarinnar, en aðgerðaráætlun er fylgiskjal Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sé uppfærð árlega samhliða gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020, undir yfirskriftinni „Menning er mannréttindi", var samþykkt af menningar- og ferðamálaráði þann 28. apríl, af borgarráði þann 8.maí og í borgarstjórn þann 20.maí 2014

MENNINGARSTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR 2014–2020

Menning er mannréttindi

www.reykjavik.is